

Hugsanleg sala á 15,42% hlut Hafnarfjarðar í HS Veitum hf. og fjármögnun sveitarfélagsins

Kynning fyrir bæjarráð Hafnarfjarðar
19. október 2020

Leiðir til fjármögnunar - skuldsetning og sala eigna

- Eins og önnur sveitarfélög mun Hafnarfjörður þurfa að glíma við stór viðfangsefni í fjármálum og rekstri á komandi misserum vegna afleiðingar heimsfaraldurs Covid-19.
- Í grunninn eru fjórar leiðir til þess að mæta áföllum í rekstri bæjarfélagsins:

Auka tekjur

Draga úr
útgjöldum

Selja eignir

Auka skuldir

- Möguleikar til tekjuaukningar eru nánast úti úr myndinni í núverandi árferði.
- Þegar verið ráðist í hagræðingu og sparnaðaraðgerðir.
- Horfur eru á að útgjöld sveitarfélagsins muni aukast samhliða því sem tekjur dragast saman.
- Hafinn undirbúning að lántökum og sölu eigna sem ekki eru hluti af grunnþjónustu.
 - Fasteignir o.fl.
 - Eign í HS Veitum hf.

Grunnþjónusta og hlutafjáreign

- Þjónusta HS Veitna við Hafnfirðinga er einungis á sviði raforkudreifingar.
 - Mikilvæg þjónusta við íbúa.
- Starfsemi veitufyrirtækja er skilgreind í lögum og reglugerðum og lýtur virku eftirliti af hálfu stjórnvalda.
 - Hagsmunir neytenda í Hafnarfirði eru tryggðir með lögum mun fremur en liðlega 15% eignarhlutur í HS Veitum.
- HS Veitur veita öllum sveitarfélögum sambærilega þjónustu hvort sem þau eru hluthafar í fyrirtækinu eða ekki.
 - Dæmi: Stærsta fjárfestingarverkefni HS Veitna síðustu ár hefur verið í Vestmannaeyjum.
- Hluti af grunnþjónusta í Hafnarfirði er þegar í höndum fyrirtækja sem bærinn er ekki hluthafi í.
 - Dæmi: Dreifing á heitu vatni til Hafnfirðinga.


15,42% eignarhlutur Hafnarfjarðar í HS Veitum hefur í raun enga sérstaka þýðingu fyrir grunnþjónustu í Hafnarfirði.

Eign Hafnarfjarðar í HS Veitum er fyrst og fremst hlutafjárstaða.

Minnihlutaeigandi með lítil áhrif

- Afstaða Hafnarfjarðar breytir engu á hluthafafundum.
 - Stórar ákvarðanir krefjast tveggja þriðju-hluta atkvæða.
 - Tveir stærstu hluthafar félagsins, Reykjanesbær og HSV eignarhaldsfélag, hafa ákvörðunarvaldið samkvæmt hluthafasamkomulagi.
- Hafnarfjörður er með 1 stjórnarmann af 7 í stjórn.
 - Vægi við stjórnarborðið er því takmarkað þegar kemur til ákvarðanatöku.

Skipting hlutafjár í HS Veitum



Hafnarfjörður getur ekki talist áhrifahluthafi eða kjölfestueigandi í HS Veitum.

Bærinn er minnihlutaeigandi í HS Veitum með takmörkuð áhrif.

Mikilvægt að líta til áhættuþátta

- Innbyggð áhætta er í óskráðum hlutabréfum, sér í lagi áhrifalitlum minnihlutaeignum.
 - Seljanleiki minni svo tímasetning sölu skiptir verulegu máli.
- Engin trygging fyrir því að Hafnarfjörður muni geta komið minnihlutaeign í HS Veitum í verð hvenær sem bærinn telur það henta.
- Fjárfesting sem höfðar til sérhæfðs hóps langtímafjárfesta.
 - Áhugi ræðst m.a. af stöðu annarra fjárfestingakosta, almennu vaxtastigi og fjárfestingargetu á hverjum tíma.

- Sérstakur áhættuþáttur fyrir Hafnarfjörð er sú kvöð að meirihluti HS Veitna ber að vera í eigu opinberra aðila.
 - Raunveruleg hættu er á að eignarhlutur Hafnarfjarðar læsist inni til frambúðar, skyldi Reykjanesbær ákveða að selja þó ekki væri nema hluta af sinni eign.
 - Færi svo hefði Hafnarfjörður ekkert svigrúm til að innleysa þessa fjárfestingu þótt vilji væri til þess í framtíðinni.

Aukin skuldsetning, þegar sala á hlutafjáreign í óskráðu félagi er raunhæfur kostur, má líta á sem fjármögnun á hlutafjárstöðu með lánsfé.

Stöðutaka, þ.e. að veðja á að hlutafjáreign muni vaxa að verðgildi umfram lántökukostnað, er áhættusöm.


Skuldir eru enn háar og þær munu aukast

- Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að draga úr skuldum Hafnarfjarðar og koma þeim í sjálfbært horf.
- Hlutfall skulda A og B hluta sem hlutfall af tekjum hafa frá 2012 til 2019 lækkað úr 248% niður í 159%.
- Þrátt fyrir mikinn árangur er skuldahlutfall enn hærra í Hafnarfirði en hjá nágrannasveitarfélögum og Akureyri.

Hafnarfjörður mun þurfa að sækja sér lánsfjármagn nú og í framtíðinni.

Rjúki skuldahlutföll hratt upp getur það dregið úr lánshæfi Hafnarfjarðar til lengri tíma

Skuldir og skuldbindingar A og B hluta í hlutfalli af tekjum frá 2015



Lántökur draga úr ráðstöfunartekjum framtíðar

- Lántökur eru í raun tilflutningur fjármagns frá framtíðinni til þess að mæta núverndi útgjöldum.
 - Ráðstöfunartekjum Hafnarfjarðar í framtíðinni er fórnað til þess að standa undir afborgunum og vöxtum til áratuga.
- Lánveitendur taka að öðru jöfnu ákvörðun um lánveitingar út frá fjárhagslegum styrk lántaka og væntanlegri greiðslugeta hans í framtíðinni.
 - Hækkandi skuldahlutföll og vísbendingar um ósjálfbæran rekstur draga úr láns hæfi og hafa þar með neikvæð áhrif á lánakjör og aðgengi að lánsfjármagni.
- Þótt vextir séu sögulega lágir um þessar mundir mun það ekki tryggja lága vexti út lánstíma lána sem nú eru tekin.
 - *Óverðtryggðir vextir* eru breytilegir og ýmist endurskoðaðir reglulega á lánstímanum eða tengdir millibankavöxtum. Vextir láns munu því breytast með vaxtastigi í landinu.
 - *Verðtryggðir vextir* ráðast af þróun verðbólgu. Breytilegir verðtryggðir vextir taka auk þess mið af þróun á vaxtastigi.

Lágir vextir nú tryggja ekki lága vexti út lánstímann.

Samandregið

- Eignarhlutur í HS Veitum er ekki ráðandi þáttur í að tryggja íbúum Hafnarfjarðar trausta raforkudreifingu.
- Minnihlutaeign Hafnarfjarðar í HS Veitum veitir takmörkuð áhrif innan félagsins.
- Hafnarfjörður læsist inni í HS Veitum til frambúðar skyldi Reykjanesbær selja af sínum hlut.
- Gæta þarf að lánshæfi Hafnarfjarðar til þess að mæta fyrirsjáanlegri fjárförf og styrkja bæinn í gagnsókn.
- Andvirði 15,42% hlutar í HS Veitum dregur úr lántökuþörf og eykur möguleika Hafnarfjarðar á því að sækja fram á miklum óvissutímum.

Viðauki: Greiðsluflæði arðgreiðslu og lántöku - sviðsmyndir

Greiðsluflæði – arðgreiðslur og lántaka (sviðsmynd 1)

Sviðsmynd 1

Grunndæmi: Núverandi verðbólga og arðgreiðslustefna

Forsenda 1:

- Hlutabréfum í HS Veitum haldið
- Lán tekið fyrir 2.900 m.kr.

Forsenda 2:


- Arðgreiðsla 2021 sama og undanfarin 5 ár, þ.e. 77 m.kr. fyrir skatta
- Arðgreiðsla látin hækka með neysluvísitölu yfir tímabilið

Forsenda 3:

- Verðtryggt jafngreiðslulán
- Fastir vextir: 1,0%
- Lánstími: 15 ár

Forsenda 4:

- Verðbólga út lánstímann: 3,5% (sept.2020)



Neikvætt greiðsluflæði Hafnarfjarðar (nettó)

2021: -156 m.kr.

2035: -266 m.kr.

Uppsafnað: - 3.100 m.kr.

Greiðsluflæði – arðgreiðslur og lántaka (sviðsmynd 2)

Sviðsmynd 2

Frávik frá grunndæmi: Hærri arðgreiðslur, lægri vextir, verðbólga við markmið

Forsenda 1:

- Hlutabréfum í HS Veitum haldið
- Lán tekið fyrir 2.900 m.kr.

Forsenda 2:


- Arðgreiðsla 2021 af hlutabréfum **100 m.kr.** fyrir skatta
- Arðgreiðsla látin hækka með neysluvísitölu yfir tímabilið

Forsenda 3:

- Verðtryggt jafngreiðslulán
- Fastir vextir: **0,75%**
- Lánstími: 15 ár

Forsenda 4:

- Verðbólga út lánstímann: **2,5%** (verðból gumarkmið Seðlabankans)



Neikvætt greiðsluflæði Hafnarfjarðar (nettó)

2021:	-132 m.kr.
2035:	-187 m.kr.
Uppsafnað:	-2,372 m.kr.

Greiðsluflæði – arðgreiðslur og lántaka (sviðsmynd 3)

Sviðsmynd 3

Frávik frá grunndæmi: Arðgreiðslur tvöfaldaðar, lánstími lengdur, verðbólga við markmið

Forsenda 1:

- Hlutabréfum í HS Veitum haldið
- Lán tekið fyrir 2.900 m.kr.

Forsenda 2:


- Arðgreiðsla 2021 af hlutabréfum **154 m.kr.**
- Arðgreiðsla eftir skatta látin hækka með neysluvísitölu yfir tímabilið

Forsenda 3:

- Verðtryggt jafngreiðslulán
- Fastir vextir: 1,0%
- Lágstími: **25 ár**

Forsenda 4:

- Verðbólga út lánstímann: **2,5%**



Neikvætt greiðsluflæði Hafnarfjarðar (nettó)

2021: -15 m.kr.

2045: -27 m.kr.

Uppsafnað: - 507,3 m.kr.

Samantekið – sviðmyndir

Hlutabréf HS Veitum ekki seld og 2,9 milljarða króna lántaka

- Sviðsmynd 1
 - Neikvætt árlegt greiðsluflæði í 15 ár: 156-266 m.kr.
 - Uppsafnað neikvætt greiðsluflæði: 3,10 milljarðar króna
- Sviðsmynd 2
 - Neikvætt árlegt greiðsluflæði í 15 ár: 132-187 m.kr.
 - Uppsafnað neikvætt greiðsluflæði 2,37 milljarðar króna
- Sviðsmynd 3
 - Neikvætt árlegt greiðsluflæði í 25 ár: 15-27 m.kr.
 - Uppsafnað neikvætt greiðsluflæði 507 milljónir króna

Hlutabréf í HS Veitum seld og engin lántaka

- Sviðsmynd
 - Engar arðgreiðslur af hlutabréfaeign
 - Engar afborganir, verðbætur né vextir af láni

HAFNARFJARÐARBÆR

